

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundþjónustu

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Með bréfi þessu vilja skólastjórar við grunnskóla Hafnarfjarðar benda bæjaryfirvöldum á þrjú mál er lúta að stjórnun í grunnskólum bæjarins. Um er að ræða kjaramál stjórnenda, deildarstjórn stoðþjónustu og skrifstofustjórn við grunnskólana. Við teljum brýnt að þessi mál séu skoðuð fljótt, af festu og ábyrgð.

Launamál skólastjórnenda

Nýgerðir kjarasamningar kennara setja skólastjórnendur í óviðunandi stöðu. Að sjálfsgöðu gleðjumst við yfir nauðsynlegum kjarabótum til handa kennurum en afleiðingin er sú að lítill eða enginn launamunur er nú orðinn á launum kennara og skólastjórnenda og í mörgum tilvikum eru laun kennara hærrí en laun deildarstjóra. Það er staða sem erfitt er að una við og á engan hátt í samræmi við ábyrgðarstöðu þá sem stjórnandi gegnir. Þessi staða leiðir til þess að fólk í stjórnendastöðum íhugar nú alvarlega uppsögn og hyggst snúa aftur til kennslu.

Sem dæmi má nefna að deildarstjóri með 20 ára kennslureynslu, auk eins til fjögurra ára stjórnunarreynslu og hefur lokið diplomanámi hefur frá 1. mars 2017, alls 557.155 kr. í mánaðarlaun. Á meðan hefur umsjónarkennari 2 alls 559.832 kr. og verkefnastjóri 2 alls 658.134 kr. Auðséð er að þetta gengur alls ekki og er ekki á neinn hátt í samræmi við þá ábyrgð sem hvílir á herðum deildarstjóra.

Þar sem Hafnarfjarðarbær vill vera í forystu í skólamálaum er mikilvægt að yfirstjórn fræðslumála geri sér grein fyrir stöðunni og bregðist við hið fyrsta.

Kjarasamningar skólastjórnenda í Skólastjórafélagi Íslands renna ekki út fyrr en árið 2019 og því ljóst að hér þarf að grípa til sértækra aðgerða ef ekki á illa að fara.

Deildarstjórn stoðþjónustu

Aukin áhersla hefur verið á það undanfarin ár að gera enn betur fyrir hinn margbreytilega hóp nemenda í grunnskólum sveitarfélagsins. Skólastjórnendur hafa lagt á það ríka áherslu að bætt verði úr skipulagi stoðþjónustu hvers skóla og fjármagn veitt til að ráða deildarstjóra stoðþjónustu í hverjum skóla. Nýjast hvað þetta varðar er umræða um breytingu á starfsemi móttökudeildar í Lækjarskóla, sem kynnt var á skólastjórafundum síðastliðinn mánudag.

Það er mjög áriðandi að hér verði bætt úr frá og með næsta skólaári og með auknu fjármagni verði skólum gert kleift að ráða deildarstjóra stoðþjónustu.

Skrifstofustjórn

Grunnskólarnir eru stærstu vinnustaðir í sveitarfélagsins. Mikið álag og ábyrgð fylgir því að stýra skrifstofum skólanna. Undanfarin ár hefur aukin ábyrgð á starfsmannahaldi, fjármálastjórn og rekstri færst til skólanna án þess að starfsmannahald á skrifstofum þeirra endurspegli þetta aukna umfang verkefna. Gríðarleg umsýsla fer fram á skrifstofum skólanna og þar þarf góða yfirsýn, skýra verkferla, síaukna þjónustu og ábyrga fjármálastjórn.

Á skrifstofum skólanna starfa skólaritarar og í einhverjum tilvikum skólaliðar, laun allra ritara eru grunnröðuð út frá kjarasamningi STH fyrir skólaliða. Í stórum skipulagsheildum, líkt og grunnskólum sveitarfélagsins, er mikilvægt að skrifstofuhald sé vel starfshæft, til fyrirmyndar og framúrskarandi. Því leggja skólastjórnendur á það áherslu að starfsheitið skrifstofustjóri, verði viðurkennt frá og með næsta skólaári.

Virðingarfyllt,

Haraldur Haraldsson

Skólastjóri Lækjarskóla

Hrönn Bergþórsdóttir

Skólastjóri Víðistaðaskóla

Kristinn Guðlaugsson

Skólastjóri Hvaleyrarskóla

Lars J. Imsland Hilmarsson

Skólastjóri Hraunvallaskóla

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri Áslandsskóla

María Pálmadóttir

Skólastjóri Setbergsskóla

Valdimar Víðisson

Skólastjóri Öldutúnsskóla